

**– Stefna um opinn aðgang og opin vísindi –**

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þekkingarveita í allra þágu. Safnið veitir þjónustu á öllum sviðum vísinda og fræða og hefur forystu um öflun, varðveislu og miðlun upplýsinga hérlandis. Þannig gegnir safnið mikilvægu hlutverki í því að efla menningu, rannsóknir og nýsköpun á Íslandi.

Markmið opins aðgangs (e. Open access - OA) er að niðurstöður rannsókna sem fjármagnaðar eru af opinberu fé séu aðgengilegar á rafrænu formi með eins víðtækum og einföldum hætti og kostur er og nýtanlegar sem flestum án endurgjalds. Höfundar- eða birtingarréttur breytist ekki við útgáfu í opnum aðgangi. Opinn aðgangur stuðlar að því að efla vísinda- og fræðastarf en tilgangurinn er að hraða framþróun í vísindastarfi í allra þágu. Efni í opnum aðgangi er m.a. rannsóknarniðurstöður, rannsóknargögn, lýsigögn og stafræn framsetning texta og myndefnis.

Margar opinberar stofnanir sem eru fjármagnaðar af opinberu fé eiga eða varðveita stafrænt efni og gögn sem ættu að vera aðgengileg í opnum aðgangi og nýtanleg án endurgjalds eða leyfishindrana, sbr. [skýrslu starfshóps á vegum fjármála- og efnahagsráðuneytisins](#).

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn styður opinn aðgang að efni og gögnum á Internetinu. Safnið kemur með virkum hætti að því að efla opinn aðgang að menningararfi þjóðarinnar, rannsóknarniðurstöðum og fræðilegu efni á Íslandi. Safnið undirritaði [Berlínaryfirlýsinguna](#) um opinn aðgang árið 2012 og hefur umsjón með og rekur helstu varðveislusöfn efnis í opnum aðgangi eftir Íslendinga.

Í stefnu safnsins [Þekkingarveita í allra þágu](#) er sérstök áhersla lögð á að þjónusta safnsins stuðli að eflingu vísinda og þekkingar og á opinn aðgang að gögnum safnsins.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn vinnur að opnum aðgangi með því að:

- hvetja til og taka þátt í mótun stefnu um opinn aðgang og opin vísindi á Íslandi,
- hvetja til þess að háskólar setji sér stefnu um OA,
- vinna að fræðslu um OA, m.a. með greinaskrifum og þátttöku í málþingum,
- vera upplýsingaþjónusta og veita leiðbeiningar um birtingu efnis í OA, s.s. birtingarleyfi og afnotaleyfi,
- safna og veita aðgang að rannsóknarniðurstöðum og sjá um varðveislu þeirra,
- styrkja innviði rannsóknarumhverfisins m.a. með rekstri varðveislusafna (repository) og annarra tæknilegra lausna,
- veita aðgang að efni í opnum aðgangi og gera það sýnilegra með tengingu við önnur kerfi s.s. Gegnir, Leitir, Áttavitann, Google Scholar og aðrar fjölþjóðlegar vefgáttir,
- kynna og veita aðgang að erlendu OA efni hér á landi m.a. á vef safnsins og hvar.is,
- taka þátt í erlendu samstarfi um varðveislu rannsóknargagna og niðurstaðna,
- styðja við alþjóðlegar yfirlýsingar um OA,
- gera eigið efni aðgengilegt í OA, s.s. útgáfur, lýsigögn og stafrænar endurgerðir,
- gera fagleg skrif starfsfólks aðgengileg í OA.